

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



SAMSTARF SAFNA - ÁBYRGÐARSÖFN

SAMEINING OG SAMVINNA SAFNA

Á EYÞINGSSVÆÐINU

Janúar 2020

Höfundar

Arnar Þór Jóhannesson

Rannveig Gústafsdóttir

Skýrsla unnin fyrir Eyþing

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2020

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-01-2020

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| SAMEINING OG SAMVINNA SAFNA..... | 1 |
| Á EYÞINGSSVÆÐINU | 1 |
| HELSTU NIÐURSTÖÐUR..... | 1 |
| INNGANGUR | 4 |
| AÐFERÐ VIÐ ÖFLUN GAGNA..... | 5 |
| UM SÖFNIN OG SAFNASTARF Á ÍSLANDI | 6 |
| HÖFUÐSÖFN | 6 |
| ÁBYRGÐARSÖFN | 6 |
| VIÐURKENND SÖFN | 7 |
| <i>Byggðasafnið Hvoll</i> | <i>8</i> |
| <i>Flugsafn Íslands.....</i> | <i>8</i> |
| <i>Hvalasafnið á Húsavík.....</i> | <i>9</i> |
| <i>Iðnaðarsafnið á Akureyri.....</i> | <i>10</i> |
| <i>Listasafnið á Akureyri.....</i> | <i>10</i> |
| <i>Meningarmiðstöð Þingeyinga.....</i> | <i>11</i> |
| <i>Minjasafnið á Akureyri.....</i> | <i>12</i> |
| <i>Síldarminjasafn Íslands</i> | <i>12</i> |
| <i>Safnasafnið</i> | <i>13</i> |
| ÓVIÐURKENND SÖFN | 14 |
| NIÐURSTÖÐUR ÚR VIÐTÖLUM | 14 |
| <i>Sameiginlegur passi</i> | <i>14</i> |
| <i>Sameiginlegt sýningarhald.....</i> | <i>15</i> |
| <i>Rekstrarfyrirkomulag</i> | <i>15</i> |
| <i>Ábyrgðarsafn</i> | <i>17</i> |
| UMRÆÐUR..... | 20 |
| HEIMILDASKRÁ | 21 |
| VIÐAUKI 1: | 25 |

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Samstarf Safna er þó nokkuð í landshlutanum, svipað og víðast hvar annars staðar. Safnaklasinn í Eyjafirði er nokkuð virkur en sambærilegur klasi í Þingeyjarsýslum hefur að mestu legið í dvala. Söfnin beggja vegna Vaðlaheiðarinnar hafa þó verið með sameiginlegan bækling nokkuð lengi sem gefinn er út um það bil annað hvert ár.
- Lítil áhugi var meðal forsvarsmanna safna á sameiningum og í raun er óljóst hvort sameiningar skili miklu hagræði. Þó má segja að hagræði geti skapast sameinist Minjasafnið á Akureyri og Iðnaðarsafnið á einum stað. Þá þyrfti stöðugildið að fylgja með og huga að húsnæðismálum.
- Hægt væri að bjóða sameiginlegan passa fyrir söfnin á Akureyri eða afslátt gegn framvísun miða frá öðru safni. Það þarf þá að kynna þetta vel fyrir starfsfólki þannig að allir séu upplýstir. Þetta hefur verið reynt og lagðist af bæði í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum en flestir voru sammála um að þetta væri ekki fullreynt. Þetta er þó flókið í útfærslu t.d. vegna þess að það kostar mismikið inn á söfnin. Þá komu líka fram efasemdir um að þessi aðferð skili miklu.
- Minjasafnið á Akureyri selur miða sem gildir líka í Nonnahús og á Leikfangasafnið, enda rekur Minjasafnið allar þessar einingar og eru þær allar á sama svæði.
- Aðgöngumiði á Síldaminjasafnið gildir líka á Þjóðlagasetrið.
- Verið er að vinna í safnaleið á milli Minjasafnsins og Iðnaðarsafnsins/Mótorhjólasafnsins.
- Söfn eru nú þegar að sameinast um námskeið t.d. á sviði forvörslu og fá sameiginlegar kynningar, flest eru í samtali við sitt höfuðsafn reglulega. Þó eru dæmi um söfn sem eru í sáralitlu samtali við sitt höfuðsafn. Frumkvæðið þarf að koma frá söfnunum.
- Nýverið breyttist rekstrarfyrirkomulag safna á Dalvík þannig að nú er bókasafnið, héraðsskjalasafnið og byggðasafnið Hvoll allt undir einum hatti með sameiginlegum forstöðumanni. Fyrirkomulagið hefur gefið góða raun en reyndar er komin frekar stutt reynsla á þetta. Reiknað er með að starfsfólk muni fara á milli starfsstöðva að einhverju leyti en vissulega væri hentugra ef öll starfsemin væri í sama húsi.
- Í Þingeyjarsýslum koma sex sveitarfélög að rekstri nokkurra safna undir merki Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

- Vel væri hægt að taka upp svipaða hugmyndafræði og notuð er í Þingeyjarsýslum og Dalvík í innanverðum Eyjafirði eða bara á Akureyri. Jafnvel hægt að hafa lista-, bóka- og héraðsskjalasöfn þar undir. Það er þó ekkert sérstakt ákall um það. Borgarsögusafn í Reykjavík er samnefni fyrir Árbæjarsafn, Landnámssýninguna í Aðalstræti, Sjóminjasafnið í Reykjavík, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey með sameiginlega yfirstjórn.
- Flest söfnin telja sig vera undirmönnuð þannig að næg verkefni eru fyrir starfsfólkið og þau geta illa bætt við sig frekari verkefnum. Minni söfnin eru rekin að miklu leyti af sjálfboðaliðum og að því er virðist eru sum staðar bara einn til tveir sjálfboðaliðar virkir.
- Hjá sumum söfnum eru fáir starfsmenn en mjög stórt húsnæði sem gerir þeim erfitt að fylgjast með. Ákaflega lítil starfsemi er á veturna hjá óviðurkenndu söfnunum og lítið sem ekkert um stöðugildi.
- Enginn fastur starfsmaður í forvörslu á Norðurlandi eystra og fáir eru að sinna markaðsmálunum af mikilli kostgæfni, það er helst að Listasafnið á Akureyri geri það en þar er starfandi kynningarstjóri.
- Einhverjir líta á Minjasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöð Þingeyinga sem ábyrgðarsöfn og leita þangað eftir ráðgjöf og samráði. Þau hafa þó ekki formlega skilgreinda slíka stöðu. Minjasafnið á Akureyri gæti tekið að sér stöðu ábyrgðarsafns á sviði byggðasögu og þéttbýlismyndunar. Einnig mætti hugsa sér að Síldarminjasafnið á Siglufirði yrði ábyrgðarsafn á sviði sjóminja á landsvísu. Beðið er eftir að menntamálaráðuneytið gefi út reglugerð um þessi mál og skilgreini hlutverk ábyrgðarsafna betur. Ekkert þessara safna hefur þó bolmagn til að taka að sér aukin verkefni sem myndu fylgja því að fá stöðu ábyrgðarsafns og þyrfti því fjármagn að fylgja hlutverkinu. Í þessu gætu þó legið sóknarfæri, bæði fyrir ábyrgðarsöfnin sem gætu þá mögulega breikkað sína starfsemi, og fyrir hin söfnin með greiðara aðgengi að sérfræðingum. Það er mikilvægt að safnið sem slíkt yrði þá ábyrgðaraðili og þá á hinum ýmsu sviðum en ekki að aðeins einn starfsmaður bæri ábyrgð. Mikilvægt er að safn sem verður ábyrgðarsafn fái samhliða því tækifæri til að styrkja starfsemi sína.
- Öll þrjú höfuðsöfnin á Íslandi eru í Reykjavík, þ.e. Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Ábyrgðarsöfn gætu breikkað forystu safnamála á Íslandi og virkað öðrum þræði sem góð byggðaaðgerð.

- Söfnin sjálf sjá ekki mikið hagræði varðandi skráningu muna, bókhald, geymslurými og yfirstjórn en frekar varðandi sameiginlega markaðssetningu, forvörslu og sameiginlegan aðgang að söfnunum. Heimasíðumál safnanna eru mjög mismunandi og sum eru ekki með virka heimasíðu.
- Sameiginleg heimasíða safna gæti verið skynsamleg enda telja þau sig ekki endilega vera í samkeppni sín á milli heldur allt eins við alla aðra afþreyingu. Mikilvægast sé að fá fólk á svæðið og fá það til að stoppa við á svæðinu. Á heimasíðu Markaðsstofu Norðurlands er þó yfirlit yfir söfn á svæðinu.
- Hugmynd kom upp varðandi það að tengja söfnin betur við Norðurstrandarleiðina, mögulega væri hægt að markaðssetja þau í því samhengi og hvetja ferðafólk með einum eða öðrum hætti að koma á sem flest söfn á þessari leið með einhvers konar hvata.
- Hægt að hafa bíl við höfnina á Akureyri sem nokkur söfn gætu rekið saman og farið á nokkur söfn í Innbænum og jafnvel víðar. Þó komu líka fram efasemdir við þá aðferð, frekar ætti að styðja við svipaða starfsemi sem nú þegar er til staðar.
- Mikill hluti af starfi forstöðumanns safna fer í að sinna rekstrinum, halda honum gangandi og sækja um styrki. Varðveiting muna og skráning situr þá gjarnan á hakanum. Þetta er þó ekki algilt. Forstöðumenn sinna oft móttöku gesta og leiðsögn.
- Óviðurkenndu söfnunum finnst sumum ekki mikill ávinningur vera af því að sækjast eftir formlegri viðurkenningu þar sem talsverður kostnaður fylgir því og skilyrði sem þeim finnst erfitt að uppfylla. Önnur sjá þetta sem fýsilegan kost en skortir bolmagn til að komast áfram í þeirri vinnu.
- Lítið er um að verið sé að lána gripi á milli safna á svæðinu en eitthvað um að höfuðsöfn láni gripi. Óformlegt samstarf milli safna er þó talsvert og flestir í þessum geira þekkjast nokkuð vel og eru yfirleitt tilbúnir að tala saman og aðstoða hvern annan eins og hægt er.
- Minjasafnið hafði milligöngu um að sækja um styrk fyrir Smámunasafn Sverris Hermannsson úr safnasjóði til að skrá muni þrátt fyrir að ekki sé um viðurkennt safn að ræða. Eyjafjarðarsveit er hluti af báðum þessum söfnum.

INNGANGUR

Verkefni þetta er liður í byggðaaætlun fyrir árin 2018 til 2024 sem var samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2018. Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, var falin yfirumsjón með verkefninu á sínu svæði sem síðan fól Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) vinnslu verkefnisins. Yfirskrift verkefnisins er „Samstarf safna – ábyrgðasöfn“ og markmið þess er að efla safnastarf í landshlutum með athugun á hvort hægt er að auka „samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Safnalög nr. 141/2011 tóku gildi 1. janúar 2013 og komu þau í stað fyrri safnalaga nr. 106/2001 en með safnlögum hefur verið leitast eftir að tryggja og efla safnastarf í landinu með skýrari faglegum ramma um starfsemi safna og ríkisfjárveitingum. Með stofnun safnaráðs í fyrri safnlögum hefur rekstur safna orðið tryggari en áður en með hlutverkum safnaráðs er að hafa yfirumsjón með safnastarfi í landinu og veitingu styrkja á faglegum forsendum. Var þeirra hlutverk síðan skýrt enn frekar í nýju safnalögum (Þingskjal nr. 1152/2010-2011).

Nýmæli í safnalögum nr. 141/2011 eru m.a. ákvæði um viðurkennd söfn og ábyrgðasöfn. Þeim söfnum sem leitast eftir og fá viðurkenningu eru sett fagleg og rekstrarleg skilyrði en á móti kemur að þá geta þau sótt um rekstrarstyrk og/eða styrk fyrir afmörkuð verkefni. Hugmyndin með ábyrgðarsafni er að efla faglegt samstarf safna með því að skilgreina ákveðin söfn sérstaklega sem eru sterk á sínu sérfræðisviði eða innan síns svæðis og geta þar með verið ráðgefandi og aðstoðað önnur söfn (Þingskjal nr. 1152/2010-2011).

Safnastarf í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum er mikið, um 40 söfn, setur, sýningar og stofur eru á svæðinu þar sem er að finna mikla fjölbreytni (Eyþing, 2016). Af þeim hafa níu söfn hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt safnalögum (Safnaráð, 2017).

Skýrslan byggir á gögnum úr viðtölum sem tekin voru við forsvarsmenn safna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sem og aðila hjá höfuðsöfnunum og safnaráði. Jafnframt var rýnt í skrifaðar heimildir eins og heimasíður, lög, skýrslur og ársreikninga, þar sem gafst kostur á, til þess að öðlast betri sýn á safnastarf á svæðinu og á Íslandi. Þrátt fyrir að ársreikningar væru skoðaðir þar sem þeir lágu fyrir var ekki gerð rekstrarleg úttekt á söfnunum, enda var það ekki markmið þessa verkefnis.

AÐFERÐ VIÐ ÖFLUN GAGNA

Eigindleg rannsókn var framkvæmd þar sem opin viðtöl voru tekin við forsvarsmenn eða staðgengil forsvarsmanns átta viðurkenndra safna og fimm óviðurkenndra safna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslunum. Stóð til að taka viðtöl við öll viðurkennd söfn á svæðinu, sem eru níu talsins, en forsvarsmaður eins safnsins tjáði rannsakendum að ekki gæfist tími til að veita viðtal. Einnig stóð til að taka viðtal við eitt óviðurkennt safn til viðbótar en erfitt reyndist að ná á forsvarsmanni þess. Auk þess var talað við safnstjóra höfuðsafnanna þriggja og framkvæmdarstjóra safnaráðs. Frekari upplýsingar um viðmælendur er að finna í viðmælendaskrá í viðauka 1.

Viðtölin fóru að mest leyti fram á viðkomandi söfnum fyrir utan fjórar undantekningar, fóru þau fram í gegnum zoom fjarfundarbúnað, í síma, á Kristnesi og í fundarherbergi RHA. Í þessum tilfellum var það ósk viðmælenda að viðtölin færu fram annarsstaðar en á viðkomandi safni.

Fyrir sum safnanna var skortur á upplýsingum sem hægt var að nálgast á internetinu og var þá meira stutt við upplýsingar veittar af forsvarsmanni safnanna.

Hlustað var á viðtölin og minnisþingar teknir niður úr hverju viðtali. Spurningarnar lutu að samstarfi sem nú þegar á sér stað, hvort viðmælendur sæju fleti á frekara samstarfi, safnkosti viðkomandi safns, rekstri þess og hlutverki ábyrgðarsafns.

UM SÖFNIN OG SAFNASTARF Á ÍSLANDI

Söfn gegna mikilvægu hlutverki við að safna og varðveita menningar- og náttúruarf Íslands, í grunninn gera þau það m.a. með skráningu, rannsóknum og sýningum. Hlutverk hvers safns er þó mismunandi eftir stöðu þeirra, þ.e. hvort þau eru höfuðsafn, ábyrgðsafn, viðurkennt safn eða óviðurkennt safn (Safnalög nr. 141/2011).

Höfuðsöfn

Höfuðsöfnin eru þrjú talsins; Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands og er hvert og eitt þeirra í eigu ríkisins eins og segir í safnalögum. Þau „eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði“ (Safnalög nr. 141/2011). Auk þess hafa verið sett lög um hvert höfuðsafn þar sem er kveðið nánar á um starfsemi þeirra og hlutverk. Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar og hefur það hlutverk „að safna íslenskri myndlist“, varðveita hana sem og miðla (Myndlistalög nr. 64/2012). Náttúruminjasafn Íslands er þá höfuðsafn á sviði náttúrufræða og hefur það hlutverk „að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd“ (Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007). Síðast en ekki síst er Þjóðminjasafn Íslands sem er höfuðsafn á sviði menningarminja og hefur það hlutverk „að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar“ (Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011).

Ábyrgðarsöfn

Með ábyrgðarsafni, samkvæmt safnalögum, er átt við viðurkennt safn sem hefur verið falið „að bera faglega ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs“ og getur ábyrgðin „náð til afmarkaðs sviðs eða tiltekins landsvæðis“. Ábyrgðarsöfn starfa síðan náið með því höfuðsafni sem nær yfir viðkomandi safnsvið. Frekari útlistun á hlutverki ábyrgðarsafnsins og fjárveitingu til þess á að tilgreina í þríhliða samningi milli tilvonandi ábyrgðarsafns, viðkomandi höfuðsafns og ráðuneytis (Þingskjal nr. 1152/2010-2011). Ekki er vitað til þess að safn hafi enn fengið skilgreiningu sem ábyrgðarsafn.

Viðurkennd söfn

Með viðurkenningu safna er verið að stuðla að frekari varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands og efla starfsemi safna með því markmiði að skila safnkostinum óspilltum til komandi kynslóða (Safnaráð, e.d.). Söfn hljóta viðurkenningu samkvæmt safnalögum frá ráðherra að fenginni tillögu frá safnaráði. Samkvæmt 10. gr. safnalaga þurfa söfn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Einnig segir í 12. gr. laganna að ef starfsemi safna verði hætt eða rekstrarformi þess breytt þurfi að ráðfæra sig við viðkomandi höfuðsafn varðandi ráðstöfun eigna og safnkosts.

Öll söfn þurfa að óska eftir viðurkenningu nema höfuðsöfn til þess að njóta réttinda samkvæmt safnalögum. Safnaráð gegnir eftirlitshlutverki með safnalögum og fylgist með því hvort söfn sem

hafa hlotið viðurkenningu haldi áfram að uppfylla kröfur laganna til þess að vera viðurkennt safn.

Viðtöl voru tekin við aðila á átta viðurkenndum söfnum sem eru: Byggðasafnið Hvol, Flugsafn Íslands, Hvalasafnið á Húsavík, Iðnaðarsafnið á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Menningar- miðstöð Þingeyinga, Minjasafnið á Akureyri og Síldarminjasafn Íslands. Frekari útlistun á hverju safni fyrir sig má sjá hér að neðan. Einnig er umfjöllun um níunda safnið, Safnasafnið, sem hefur hlotið viðurkenningu en safnstjóra gafst ekki tími til að veita viðtal.

Byggðasafnið Hvoll

Opnunardagur Byggðasafnsins Hvols á Dalvík var 12. desember 1987, samantekt safnkostsins hófst þó 1973 af Kristjáni Ólafssyni. Þegar munirnir voru um 1600 árið 1987 ákvað Dalvíkurbær að kaupa húsið Hvol undir safnkostinn (Hvoll Byggðasafn Dalvíkur, e.d.). Safnið skiptist í þrjá hluta; byggðasafn, náttúrugripasafn og Minningarstofur þekkra einstaklinga ættaðra úr byggðarlaginu (Stjórnartíðindi, 2015-a). Byggðasafnið tilheyrir stærri einingu sem er rekin af Dalvíkurbyggð, innan einingarinnar eru einnig bókasafn og héraðsskjalasafn (Dalvíkurbyggð, e.d.). Samkvæmt forstöðumanni einingarinnar er ekki enn komin reynsla á sameininguna þar sem hún átti sér stað í nóvember 2018 en þau sjá ýmsa möguleika eins og að samnýta starfsfólk. Aðgangseyrir er lítill hluti tekna safnsins og hefur safnið fengið úthlutaða styrki sem reksturinn styður sig við. Hvað varðar samstarf þá tekur safnið þátt í Eyfirska safnadeginum, samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni, og jafnframt á sér stað óformlegt samtal innan farskóla safnamanna. Safnið hefur áhuga á frekara samstarfi við önnur söfn til dæmis varðandi markaðssetningu, sameiginlegt safnakort/passa eða í formi safnfræðslu til skóla í öðrum landshlutum, aftur á móti sér forstöðumaður ekki möguleika á samstarfi tengdu rekstri safnsins.

Flugsafn Íslands

Flugsafn Íslands var stofnað sem sjálfseignarstofnun og opnaði formlega 24. júní 2000. Munir safnsins tengjast flugsögu Íslands frá upphafi ásamt ljósmyndum þar sem saga flugsins á Íslandi og erlendis er rakin. Árið 2006 var hafist handa við byggingu á nýju húsnæði fyrir safnið. Byggingin var fjármögnuð með styrkjum frá Akureyrarkaupstað og ríkissjóði með samþykki frá menntamálaráðuneytinu (Flugminjanefnd, 2006). Flugsafnið nýtur stuðnings frá félagsmönnum

Arnarins, hollvinafélagi safnsins, sem var stofnað 2013 (Flugsafn Íslands, 2013). Safnstjóri, sem er eini starfsmaðurinn á launaskrá og sér um allt sem viðkemur rekstri eða faglegu starfi, segir framlag hollvinafélagsins vera ómetanlegt og. Félagsmenn aðstoða með margt eins og ef þörf er á viðhaldi eða viðgerðum á húsnæðinu sem og á stærri viðburðum á vegum safnsins. Félagsmönnum hefur farið fjölgandi frá stofnun félagsins. Aðsóknin á safnið er ekki mikil, í fyrra komu um 7.500 – 8.000 manns og voru meirihluti þeirra Íslendingar eða heimamenn. Tekjur vegna aðgangseyris voru því aðeins um 1/3 heildartekna safnsins, umfram það reiðir safnið sig á styrki þegar kemur að rekstrinum. Flugsafnið hefur tekið þátt í Eyfirska safnadeginum og hinn nýi safnstjóri situr í stjórn safnaklasans þar sem samstarf safna hefur verið í fyrirrúmi. Safnstjórinn sér fram á að flugsafnið taki þátt í frekara samstarfi við söfnin á svæðinu þá sérstaklega með markaðssetningu í huga.

Hvalasafnið á Húsavík

Upphaf Hvalasafnsins var lítil sýning um hvali sem var sett upp árið 1997. Þremur árum seinna hafði aðsókn gesta farið fram úr væntingum og var því farið í það að finna safninu nýtt húsnæði. Hvalasafnið er sérhæft safn um hvali sem einbeitir sér að söfnun muna og sagna um hvali og hvalveiðar. Safnið er einnig með fræðslu um hvali og lífríki þeirra (Hvalasafnið á Húsavík, e.d.-a). Safnið er sjálfseignarstofnun og samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2018 voru rekstrartekjur stofnunarinnar 68 milljónir, stærstur hluti þess var aðgangseyrir sem samsvaraði rétt rúmlega 42 milljónum. Samkvæmt framkvæmdastjóra safnsins er meirihluti safngesta erlendir ferðamenn. Stofnunin á fasteignina sem varðveitir safnið og hvílir veð á eigninni til tryggingar skuldum sem í árslok 2018 var um 28,9 milljónir (Hvalasafnið á Húsavík, 2019). Hvalasafnið er með samning við mennta- og menningarmálaráðuneytisins til styrktar rekstri fræðslumiðstöðvar, stuðnings við rannsóknir á hvöllum og eflingu miðlunar upplýsinga um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar við strendur Íslands. Upphæð samningsins samsvarar um 9% af heildartekjum safnsins (Hvalasafnið á Húsavík, e.d.-b; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016). Einnig sækir safnið um styrki til safnaráðs fyrir afmörkuðum verkefnum. Stöðugildin á safninu eru þrjú. Starfsmenn hafa kost á að nálgast frekari sérfræðiþekkingu hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands sem er staðsett í næsta húsi. Auk þess vinna starfsmenn með rannsóknarnemum setursins yfir sumartímann, segir framkvæmdarstjóri. Helsta samstarfið sem safnið hefur átt í er

við höfuðsafn sitt, Náttúruminjasafn Íslands, en framkvæmdarstjóri safnsins telur frekara samstarf jákvætt sérstaklega hvað varðar markaðssetningu.

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Iðnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun og var formlega stofnað þann 17. júní 1998. Safnið opnaði í núverandi húsnæði við Krókeyri árið 2004. Er húsnæðið í eigu Akureyrarbæjar sem leigir safninu húsnæðið endurgjaldslaust og sér jafnframt um greiðslur á hita og rafmagni samkvæmt samningi (Iðnaðarsafn, e.d.; Stjórnartíðindi, 2018). Á safninu eru munir er tengjast iðnaði og iðnframleiðslu síðastliðinnar aldar og þá sérstaklega er tengjast sögu Akureyrarbæjar. Jafnframt var safninu fært til umráða eikarskipið Húni II sem smíðaður var á Akureyri, þó er það rekið sem aðskilin eining af hollvinafélagi Húna II. Iðnaðarsafnið nýtur einnig aðstoðar frá hollvinafélagi safnsins sem var stofnað 2005. Félagsmenn hafa sinnt afgreiðslu- og sýningarstörfum sem og daglegum rekstri. Þeirra framlag var á við eitt og hálf stöðugildi samkvæmt ársskýrslu safnsins fyrir árið 2018, en þar fyrir utan var einn starfsmaður á launaskrá sem er safnstjóri. Fjöldi gesta árið 2018 voru 1719 sem er örlítill fækkun frá því árið áður, þar af var hlutfall erlendra gesta 18,9% (Iðnaðarsafnið á Akureyri, 2019-a; Iðnaðarsafnið á Akureyri, 2019-b). Samkvæmt safnstjóra er reksturinn þungur, safnið hefur litlar tekjur af aðgangseyri og styður sig því við styrki. Safnið hefur tekið þátt í Eyfirska safnadeginum og telur safnstjóri samstarf vera af hinu góða eins og t.d. varðandi markaðssetningu.

Listasafnið á Akureyri

Akureyrarbær er eigandi Listasafnsins og tilheyrir safnið rekstri Akureyrarstofu. Á Akureyrarvöku 2018 fagnaði safnið 25 ára afmæli, var það gert með opnun á stækkuðu og endurbættu húsnæði. Gestir safnsins 2018 voru í heildina 14.803 manns þar af voru erlendir gestir um 21%. Þó er sú prósentu mun hærrí á sumrin segir safnstjóri en þá er hlutfall erlendra gesta um 70-80% sem snýst síðan við á veturna. Eftir opnun nýs húsnæðis hófst sala á árskortum og seldust 356 árskort 2018. Í kjölfar þessara breytinga varð mikil fjölgun á gestum safnsins. Munir listasafnsins eru verk sjónlistar og hönnunar. Undirritaður var samningur milli Akureyrarbæjar og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til næstu þriggja ára og kveður á um sem tók fyrir framlag ríkisins til menningarmála Akureyrarbæjar. Eitt af meginverkefnum samningsins er að styðja við starfsemi listasafnsins (Akureyrarbær, 2019; Listasafnið á Akureyri, 2014). Á safninu eru sjö

starfsmenn í sex stöðugildum, samkvæmt safnstjóra. Á viðburðum nýtur safnið að auki stuðnings frá vinum listasafnsins sem er félag áhugamanna um myndlist. Félagsmenn greiða einnig ársgjald sem rennur til safnsins sem er ætlað til að styrkja starfsemi þess (Listasafnið á Akureyri, e.d.). Listasafnið á í nokkru samstarfi við önnur listasöfn, segir safnstjóri, þau hittast tvisvar á ári og safnið er hluti af safnaklasa Eyjafjarðar og tekur þátt í Eyfirska safnadeginum. Í menningarstefnu Akureyrarbæjar fyrir árin 2013 – 2018 stendur: „Vinna markvisst að því að Listasafnið fái viðurkenningu safnaráðs sem ábyrgðarsafn skv. lögum og í kjölfarið [gera] samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti um hlutverk Sjónlistamiðstöðvarinnar sem meginstöð sjónlistar utan höfuðborgarsvæðisins.“ Þetta hefur ekki gengið eftir enn (Akureyrarbær, 2013-2018).

Menningarmiðstöð Þingeyinga

Byggðasafn Þingeyinga var stofnað 1958 og skiptist safnið í tvennt, Byggðasafn Suður-Þingeyinga og Byggðasafn Norður-Þingeyinga (Menningarmiðstöð Þingeyinga, 2012). Síðan var sjálfseignarstofnun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga sett á stofn 2006 af Aðaldælahreppi, Langanesbyggð, Norðurþingi, Skútustaðahreppi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Þingeyjarsveit. Jókst þar með við starfsemi Byggðasafnsins sem skiptist nú í eftirfarandi deildir; Byggðasafn Suður-Þingeyinga á Grenjaðarstað, Byggðasafn Suður-Þingeyinga í Safnahúsinu á Húsavík, Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Sjóminjasafn, Byggðasafn Norður-Þingeyinga við Snartarstaði. Undir menningarmiðstöðina fellur einnig héraðsskjalasafn og bókasafn (Menningarmiðstöð Þingeyinga, 2010). Munir byggðasafnsins eru fyrst og fremst menningarsögulegar minjar úr Þingeyjarsýslunum (Menningarmiðstöð Þingeyinga, 2012). Staðgengill safnstjóra greindi frá að 2,7 stöðugildi væru hjá menningarmiðstöðinni á veturna en á sumrin fjölgaði þeim vegna aukins opnunartíma safnstaða. Þau sveitarfélög sem standa að baki menningarmiðstöðinni sjá um rekstur hennar að mestu leyti en einnig eru styrkir sóttir til safnaráðs bæði til rekstursins og ákveðinna verkefna. Jafnframt segir staðgengill safnstjóra að aðgangseyrir sé lítið hlutfall tekna menningarmiðstöðvarinnar, það heimsækja um 3.000 manns söfn menningarmiðstöðvarinnar á ári. Menningarmiðstöðin á í nokkru samstarfi til að mynda við höfuðsafn sitt, Þjóðminjasafn Íslands, Minjasafnið á Akureyri og er jafnframt leiðandi í samstarfi við önnur söfn og setur varðandi sameiginleg námskeið og þess háttar. Auk þess segir staðgengill safnstjóra þau vera ráðgefandi fyrir minni söfn og setur á sínu svæði.

Minjasafnið á Akureyri

Minjasafnið er sjálfseignarstofnun sem er rekin af Akureyrarbæ með fjárframlögum frá þeim fimm sveitarfélögum sem standa að safninu, þ.e. Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppi og Akureyrarbæ. Auk þess sækir safnið styrki til safnaráðs bæði til rekstursins eða afmarkaðra verkefna (Safnaráð, 2019). Safnkostur Minjasafnsins eru menningarsögulegar minjar frá daglegu lífi og atvinnuvegum í Eyjafirði og er hann sá þriðji stærsti á landinu. Starfsemin fer fram á nokkrum stöðum; í húsnæði safnsins við Aðalstræti 58, Nonnahúsi, Davíðshúsi, Minjasafnskirkjunni, gamla bænum að Laufási og varðveislumiðstöð safngripa á Naustum. Gestir þessara safna voru í heild sinni 40.272 árið 2018 og hafa þeir aldrei verið fleiri, hlutfall erlendra gesta jókst einnig milli ára en í Laufási voru erlendir gestir 94% allra gesta, 59% í Minjasafninu, 72% í Nonnahúsi og 17% í Davíðshúsi. Þó segir safnstjóri að örlítill fækkun gesta hafi verið árið 2019, eða um 3-5%. Þrátt fyrir hækkandi þjónustustig hefur starfsmannafjöldi ekki hækkað í samræmi en stöðugildi voru 7,9 árið 2018 (Akureyrarbær, 2019). Hlutfall sérfræðinga af heildar stöðugildum hefur lækkað frá því sem áður var. Safnstjóri segir starfsfólkið sem starfar nú hjá safninu gegna tvöföldu eða þreföldu starfi vegna manneklu. Rekstur safnsins hefur gengið en aðeins vegna þess að hefur verið skorið niður í starfsmannahaldi og sýningum. Safnið hefur notið aðstoðar frá Stoðvinum Minjasafnsins á Akureyri, félagi sem var stofnað 2002 með því markmiði að vera minjasafninu innan handar, styðja við starfsemi þess og aðstoða á viðburðum safnsins (Minjasafnið á Akureyri, e.d.). Minjasafnið hefur verið leiðandi í samstarfi, það hefur átt í samstarfi við önnur söfn bæði á Akureyri og fyrir utan sem og tekur virkan þátt í starfsemi Eyfirska safnaklasans.

Síldarminjasafn Íslands

Það má rekja sögu safnsins aftur til 1957 þó uppbyggingin að safninu sem við þekkjum í dag hæfist ekki fyrr en 1989 við stofnun Félags áhugamanna um minjasafn, FÁUM. Safnið er sjálfseignarstofnun þar sem stofnaðilar eru FÁUM og Siglufjarðarkaupstaður. Við stofnun lögðu stofnaðilar til fasteignir og lóðir sem halda utan um muni safnsins sem eru menningarsögulegar minjar tengdar síldveiðum og iðnaði á Siglufirði og nærsveitum (Stjórnartíðindi, 2015-b; Örlygur Kristinnsson, 2013). Á árinu 2018 varð enn frekari fjölgun á safngestum en á árum áður, rúmlega 27.500 gestir gerðu leið sína að safninu sem var 8% fjölgun frá fyrra ári. Þar af var hlutfall erlendra gesta 73% en margir þeirra voru farþegar skemmtiferðaskipa. Eru þrír til fjórir

fastráðnir starfsmenn á safninu, bæði í fullu starfi og hlutastarfi, auk átta sumarstarfsmanna. Heildarstöðugildi 2018 voru 5,2 (Síldarminjasafn Íslands, 2019-a; Síldarminjasafn Íslands, 2019-b). Félagsmenn FÁUM gáfu vinnu sína við uppbyggingu safnsins, samkvæmt safnstjóra, en sú vinna gerði safnið að því sem það er í dag. Eftir að safnið varð sjálfseignarstofnun hafa störf félagsmanna verið í lágmarki eða aðeins þegar um viðburði á vegum safnsins er að ræða. Aðgangseyrir er hlutfallslega um 50-60% tekna safnsins sem samsvarar um 40-45 milljónum sem dugar fyrir grunnrekstri safnsins að sögn safnstjóra. Þar fyrir utan hefur safnið fengið ýmsa styrki sem það hefur sótt um, t.d. frá safnaráði eða sveitarfélaginu. Einnig gerði safnið samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um árlegan styrk með það að leiðarljósi að styrkja við starfsemi safnsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Samkvæmt safnstjóra hefur umfram fjármagni, ef það er til staðar þegar rekstur safnsins hefur verið gerður upp, verið varið í uppbyggingu þess. Hvað varðar samstarf er safnið hluti af Eyfirska safnaklasanum og tekur þátt í sameiginlegum námskeiðum og markaðsverkefnum svo eitthvað sé nefnt. Safnstjóri telur samstarf vera af hinu góða, sérstaklega fyrir söfnin á landsbyggðinni, vegna smæðar þeirra og sér hag í frekari samstarfi í markaðsmálum.

Safnasafnið

Safnið var stofnað árið 1995 af Níels Hafstein og Magnhildi Sigurðardóttur og er sjálfseignarstofnun (Ríkisskattstjóri, 1995). Undanfarin 30 ár hafa stofnendur safnsins safnað verkum eftir helstu alþýðulistamenn landsins. Safnkosturinn er um 6.400 verk gerð af 323 sjálfærðum og skólalærðum listamönnum sem voru uppi um miðja nítjándu öld og til dagsins í dag. Einnig er að finna sérstakar safndeildir á safninu þar sem eru yfir 120.000 verk til viðbótar (Safnasafnið, e.d.). Samkvæmt ársskýrslu safnsins fyrir árið 2017 hafa tekjur þess alltaf verið lágar, mun lægri en annarra viðurkenndra safna. Helstu tekjur safnsins koma af aðgangseyri og leigu íbúðar sem og framlögum frá safnasjóði og Svalbarðsstrandarhreppi. Safnið er mestmegnis rekið með sjálfboðaliðastarfi stofnenda, stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða sem samsvarar rúmlega tveimur stöðugildum. Frá stofndegi hefur aldrei verið fastráðinn starfsmaður á launaskrá og aðeins hafa verið greidd laun samkvæmt verktöku. Sjálfseignarstofnunin á tvö hús sem geyma safnkostinn sem eru samtals 618,7 m² (Safnasafnið, 2018).

Óviðurkennd söfn

Í safnalögum, 5. gr., fengu óviðurkennd söfn skilgreiningu sem er nýmæli í safnalögunum. Þessum söfnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár og gegna þau mikilvægu hlutverki í varðveislu minja á Íslandi. Óviðurkennd söfn eru safnvísar, setur og sýningar. Safnvísar eru eiginleg söfn en uppfylla ekki öll skilyrði til viðurkenningar. Setur sinna ekki söfnun eða varðveislu heldur stunda frekar rannsóknir og miðlun safnkosts og sýningar felast einungis í miðlun safnkostsins. Þessi söfn geta sótt verkefnastyrk til safnaráðs en aðeins í samstarfi við viðurkennt safn (Þingskjal nr. 1152/2010-2011). Óviðurkenndu söfnin sem talað var við í tengslum við þessa rannsókn voru Fuglasafn Sigurgeirs, Mótorhjólasafn Íslands, Smámunasafn Sverris Hermannssonar, Náttúrugripasafnið á Ólafsfirði og Samgöngusafnið Ystafelli.

NIÐURSTÖÐUR ÚR VIÐTÖLUM

Samstarfið er nokkuð í landshlutanum en að mati kunnugra er það hvorki meira eða minna en gengur og gerist annars staðar á landinu. Fyrst og fremst tengist samstarfið sameiginlegum safnaklasa í Eyjafirði, sem hefur verið nokkuð virkur og skipuleggur m.a. sameiginlegan safnadag. Slíkur klasi er líka til í Þingeyjarsýslum en þar er lítil virkni nú um mundir. Söfnin á öllu svæðinu hafa gefið út sameiginlegan bækling í nokkur skipti. Söfn alls staðar á svæðinu taka sig saman þegar boðið er upp á námskeið þannig að það nýtist flestum og talsamband innan geirans er mikið að sögn flestra viðmælenda en þó voru sum söfn í litlum samskiptum við önnur söfn á svæðinu. Svipaða sögu má segja um samstarfið við höfuðsöfnin, flest viðurkenndu söfnin eru í samtali við sitt höfuðsafn en þau óviðurkenndu sem heimsótt voru ekki í miklu samtali við sitt höfuðsafn.

Sameiginlegur passi

Þessi aðferð var reynd fyrir nokkrum árum en það fjaraði undan því. Það reyndist flókið að skipta aðgangseyrinum á sanngjarnan hátt, en mjög misdýrt er að kaupa sig inn á söfnin. Auk þess nýta safngestir mögulega ekki sameiginlega passann inn á öll þau söfn sem í boði eru. Erfitt er að ákveða hver hlutdeild safna sem fáir heimsækja eigi að vera af tekjunum. Sumir töldu þetta þó ekki fullreynt. Í Þingeyjarsýslum kom fram að vandamálið hefði fyrst og fremst verið framkvæmdin. Starfsfólk hafi ekki verið nægilega vel upplýst um fyrirkomulagið. Var rætt um að

ef til vill mætti hafa einfaldara fyrirkomulag á þessu, t.d. að með því að kaupa aðgöngumiða á einum stað þá fáist afsláttur á öðrum stað. Þetta virtist þó ekki brenna mikið á forsvarsmönnum og það er þá líka óljóst hver ætti að taka frumkvæðið af því að koma þessu á laggirnar. Það mætti til dæmishugsa sér að svona fyrirkomulag gæti gengið þar sem söfn eru í eigu sama aðila.

Vísir að safnapassa finnst á Minjasafninu á Akureyri þar sem miðinn á safnið gildir líka í Nonnahús og í Leikfangasafnið en þau eru einnig rekin af Minjasafninu og eru staðsett nálægt hvert öðru. Þá gildir miði á Síldarminjasafnið einnig á Þjóðalagasetrið á Siglufirði.

Sameiginlegt sýningarhald

Lítið samstarf er á sviði sameiginlegra sýninga. Rætt var um sameiginlega safnadaginn í Eyjafirði og það samstarf sem honum fylgir en lítið virðist vera um að söfn haldi sameiginlegar sýningar eða séu mikið að lána muni sín á milli. Þó er eitthvað um það og er beinagrind af steypireiði á Hvalasafninu á Húsavík og haförn á Fuglasafni Sigurgeirs dæmi um það en hvort tveggja er lán frá Náttúruminjasafni Íslands. Eins mætti hugsa sér að höfuðsöfnin, í samvinnu við söfn í landshlutanum, kæmu að sameiginlegu sýningahaldi. Það mætti hugsa sér að það væri ekki endilega á milli safns og höfuðsafns þess, því í ákveðnum tilfellum verður skörun, t.d. á sviði lista og náttúrfræði. Það væri akkur í því fyrir höfuðsöfnin að koma sér betur á framfæri víðar en þá þurfa söfnin á svæðinu og þeirra bakhjarlar líka að vera tilbúin í slíkt samstarf.

Rekstrarfyrirkomulag

Rekstur og fyrirkomulag rekstrar er með ýmsu móti eins og áður hefur verið nefnt. Flest söfnin eiga það þó sameiginlegt að þau telja sig þurfa aukið fé til rekstursins og til að þróa sig áfram. Aðeins tvö söfn hafa náð þeim árangri að geta rekið sig að stórum hluta á aðgangseyri og er það fyrst og fremst vegna mikils fjölda erlendra gesta. Í sumum tilfellum hefur starfsfólki farið fækkandi og hefur starfsemin liðið fyrir það. Mikill tími fer í daglegan rekstur og söfnun styrkja. Þá situr annað á hakanum svo sem sýningar, skráningar muna, forvarsla, markaðssetning og fleira. Á sumrin snýst starfið oft bara um að taka á móti gestum eins og einn safnstjórinn orðaði það: „Við breytumst öll bara í guða yfir sumarið. Við erum að leiðsegja hópum allan daginn, dag eftir dag.“

Í sumum tilfellum koma sjálfboðaliðar að starfinu að verulegu leyti sem heldur því gangandi en í öðrum tilfellum fer þeim líka fækkandi. Athyglisvert er að mörg safnanna eru með býsna stórt húsnæði en fáa starfsmenn sem veldur ákveðnum vandræðum.

Forsvarsmenn safnanna sáu ekki mikinn samrekstur fyrir sér eða að hafa sameiginlegan starfsmann. Kom fram að fólk sæi ekki fyrir sér hvernig hann myndi þá nýtast. Var tekið sem dæmi skráning safnkosts að það verkefni væri svo ærið að starfsmaðurinn kæmi bara á fyrsta safnið og kæmist svo ekkert áfram. Staða skráningar í Sarp var þó með ýmsu móti hjá þeim söfnum sem heimsótt voru en í sumum tilfellum var það látið sitja á hakanum vegna manneklu. Þá er heimasíðumálum óviðurkenndu safnanna ábótavant.

Í nokkrum tilfellum eru nokkur söfn rekin saman undir einum hatti. Á Dalvík eru þrjú ólík söfn rekin saman undir einum hatti, þ.e. byggðasafn, héraðsskjalasafn og bókasafn. Hefur það gefið góða raun en reyndar er fremur stutt reynsla komin á það. Með því að færa þá starfsemi undir eitt þak væri eflaust meira hagræði og starfsfólk nýttist betur en álagstími þessara eininga er nokkuð mismunandi eftir árstíðum.

Í Þingeyjarsýslum koma sex sveitarfélög að rekstri safna vítt og breytt um sýslurnar. Þar er hagræðið kannski ekki jafn mikið því langt getur verið á milli safna t.d. ef forföll verða hjá starfsfólki eða eitthvað slíkt. Það þekkist þó þar að starfsfólk fari á milli safna. Sum safnanna þar eru aðeins opin á sumrin.

Á Akureyri rekur Minjasafnið fleiri einingar, meðal annars gamla bæinn í Laufási. Hægt væri að bæta fleiri söfnum við þar ef vilji er fyrir hendi. Augljósasta samlegðin út frá safnkosti er með Iðnaðarsafninu en það er þó ekki í eigu Akureyrarbæjar eins og Minjasafnið er að stærstum hluta. Með sameiningu væri komið enn öflugra safn á sviði byggða- og iðnaðarsögu svæðisins. Þess ber þó að geta að Akureyrarbær er sannarlega stærsti bakhjarl Iðnaðarsafnsins en rekstur þess hefur verið þungur. Samlegðin yrði ennþá meiri ef starfsemin gæti farið fram á sama stað. Minni samlegð er með Listasafninu en það er þó ekkert óhugsandi að einn rekstrarstjóri væri yfir öllum söfnunum á Akureyri en fagleg ábyrgð á hverjum stað. Þá væri líka mögulega hægt að samnýta starfsfólk meira og færa á milli safna eins og þurfa þætti hverju sinni. Smámunasafn Sverris Hermannssonar er svo enn annað safn sem safnar að hluta til byggðasögu svæðisins, en samstarf hefur reyndar verið á milli Minjasafnsins á Akureyri og Smámunasafnsins á sviði

skráningar. Smámunasafnið er í eigu Eyjafjarðarsveitar sem jafnframt á lítinn hlut í Minjasafninu á Akureyri.

Í þessu samhengi er rétt að minnast á að í Reykjavík hafa fimm einingar, Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Aðalstræti, Sjóminjasafnið í Reykjavík, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey, verið sett saman undir merkjum Borgarsögusafns og hefur það gefið góða raun.

Sameining eða samrekstur var ekki ofarlega á borði viðmælenda en þó má segja að smæð norðlenskra safna sé vandamál og sumum finnst ekkert sérstaklega eftirsóknarvert að verða viðurkennt safn. Helstu ástæðurnar fyrir því eru að kröfurnar aukast samhliða því og tekjumöguleikar minnka að mati sumra. Einn viðmælandi orðaði þetta svona: „Við þurfum að uppfylla nákvæmlega sömu kröfur og Þjóðminjasafnið. Þannig að það er bara svona flöt lína á faglegum kröfunum og ég held að oft fyrir okkur á litlu söfnunum þá sé þetta miklu meiri hrærigrautur heldur en á stóru söfnunum þar sem það er ein deild fyrir forverðina og önnur fyrir fornleifafræðingana. Svo erum við hérna tvö eða þrjú að reyna að gera okkar besta á öllum sviðum“

Þessu tengt kom upp hugmynd um sameiginlegan rekstur á bíl sem tæki farþega af bryggjunni á Akureyri þegar skemmtiferðaskipin koma og færi eins konar safnaring, enda eru sum söfnin staðsett talsvert frá mestu hringiðu bæjarins. Aðrir höfðu efasemdir um að það hentaði að bæta slíkum rekstri við rekstur safna. Vænlegra væri að fara í samstarf við rekstraraðila sem nú þegar sinna akstri ferðamanna. Einnig barst Norðurstrandarleiðin í tal en þó er sú hugmynd talsvert ómótuð ennþá. Ef til vill felast tækifæri í sameiginlegri markaðssetningu tengdri þeirri leið.

Ábyrgðarsafn

Viðmælendur þekktu mismikið til hugtaksins ábyrgðarsafns og sumir höfðu ekki gefið því neinn gaum. Aðrir höfðu velt þessu meira fyrir sér og kölluðu eftir því að það yrði skilgreint betur en nú hefur verið gert, hvert hlutverk slíks safns ætti að vera og hverju það myndi breyta í „safnalandslaginu“. Segja má að ábyrgðarsafn geti verið á tvo vegu, annað hvort verið safn fyrir ákveðinn landshluta, t.d. að eitt safn yrði ábyrgðarsafn fyrir Norðurland eystra eða þá eitt fyrir Eyjafjörð og annað fyrir Þingeyjarsýslu. Einnig mætti hugsa sér ábyrgðarsafn á ákveðnu sviði sem væri þá ábyrgðarsafn fyrir önnur söfn á sama sviði um land allt. Útfærslan hefur ekki verið ákveðin en eflaust kemur hvort tveggja vel til greina. Flestir sem höfðu myndað sér skoðun töldu

vænlegra að ábyrgðarsafn starfaði út frá þema og sérsviði þvert á landshluta frekar en út frá landssvæði. Sennilega myndi sérstaða safnanna þannig nýtast betur og fleirum. Var kallað eftir því að næsta skref yrði stigið, að einhvers konar aðgerðaáætlun yrði staðfest og verkefninu hrundið í framkvæmd enda orðið nokkuð langt síðan hugtakið var sett inn í lög.

Þeir viðmælendur sem höfðu velt þessu fyrir sér kölluðu eins og áður sagði eftir frekari skýringum. Hugtakið er reyndar það mikið á reiki að tekið var fram, bæði varðandi Minjasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöð Þingeyinga, að litið væri á þessa aðila sem ábyrgðarsöfn á svæðinu. Þannig er sagt í safnastefnu Akureyrar 2013 – 2018 að Minjasafnið á Akureyri sé ábyrgðarsafn en það hefur ekki formlega slíka stöðu, frekar en nokkurt annað safn á Íslandi.

Ekki er skilgreint hvað ábyrgðarsafn þurfi að hafa fram að færa. Það má þó ætla að það þurfi að vera í sæmilega stöðugum rekstri og með öflugan bakhjarl en mörg söfnin eru lítil og fámenn. Einnig þarf fagleg þekking og reynsla að vera til staðar og safnkostur sem hefur sérstöðu á einhverju sviði. Rétt er þó að geta þess að lítil söfn geta haft mikla sérstöðu en vanti ef til vill meira bolmagn til þess að koma því betur á framfæri. Til staðar þarf að vera áhugi á að taka að sér aukið hlutverk og metnaður til þess að vera leiðandi og ráðgefandi fyrir önnur söfn. Eins væri gott að ábyrgðarsafn hefði þá einhverja sérþekkingu sem ekki sé til staðar á höfuðsöfnunum og geti líka verið ráðgefandi fyrir þau á ákveðnum afmörkuðum sviðum. Það gæti líka sinnt slíku hlutverki gagnvart fleiri en einu höfuðsafni. Slíkt myndi breikka forystuna í safnamálum á Íslandi og gæti sérstaklega orðið hvetjandi fyrir safnastarf á landsbyggðinni, en öll höfuðsöfnin þrjú eru staðsett í Reykjavík. Hlutverk höfuðsafnanna gæti líka breyst samhliða þessari breytingu. Ábyrgðarsafn yrði væntanlega ábyrgt fyrir því að koma á einhverjum samráðvettvangi og leiða það starf en ekki að verða bara útibú frá sínu höfuðsafni.

Fjöldi ábyrgðarsafna á landsvísu hefur ekki verið skilgreindur né heldur hvernig og hvort þau skiptast á einhvern hátt á milli höfuðsafnanna eða landshluta. Það er þó skilningur flestra viðmælenda að þau verði ekki mjög mörg, sennilega á bilinu fjögur til átta á landsvísu. Eins er óljóst hversu mikið fjármagn myndi fylgja með hlutverkinu, ef til vill sem næmi einu til tveimur stöðugildum.

Það er kannski vel skiljanlegt að litið sé til Minjasafnsins sem ábyrgðarsafns því það er það safn á Norðurlandi sem einna helst hefði burði til að taka við slíku hlutverki ef safninu hugnast það. Sérstaklega ef starfsemin yrði breikkuð með samstarfi eða sameiningu með lðnaðarsafninu.

Minjasafnið hefur umfangsmikla þekkingu og reynslu á sviði byggðasögu og þéttbýlismyndunar sem gæti orðið gagnleg fyrir önnur byggðasöfn í þéttbýli. Það er þó ólíklegt að safnið tæki að sér aukið hlutverk nema því fylgdi fjárveiting og safnið gæti vaxið samhliða þessu og bætt við sig starfsfólki. Sömu sögu má segja um Síldarminjasafnið á Siglufirði en það hefur alla burði til þess að verða leiðandi á sviði sjóminjasafna á landsvísu, og er ef til vill nú þegar orðið það, ef það fengi tækifærið til þess að stækka sig og efla samhliða. Mögulega koma önnur söfn á svæðinu einnig til greina en þessi eru líklegust til þess, að mati þeirra sem þetta skrifa, að geta tekið að sér þessa auknu ábyrgð. Ekki er vitað hvernig ábyrgðarsöfn verða svo valin þegar og ef að því kemur. Hugsa mætti sér að auglýst væri eftir umsóknum og áhugasamir geti þá sýnt fram á hvernig þeir ætli sér að rækja þetta hlutverk. Ekki er sjálfgefið að öll söfn sem hafi burði til að taka að sér hlutverkið kæri sig um það og því væri sennilega sniðugt að auglýsa eftir umsóknum t.d. á fimm ára fresti. Þá gætu þau söfn sem höfðu fengið skilgreiningu sem ábyrgðarsafn óskað eftir endurnýjun og ný söfn sóst eftir hlutverkinu.

UMRÆÐUR

Eins og áður segir er yfirskrift verkefnisins „Samstarf safna – ábyrgðasöfn“ og markmið þess er að efla safnastarf í landshlutum með athugun á hvort hægt er að auka „samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn“

Það er hægt að auka samstarf safna, og eru nokkrar hugmyndir því tengdar reyfaðar hér að framan. Sameiginlegt markaðsstarf var oftast nefnt en það er þá spurning hver eigi að leiða það starf sem situr víða á hakanum. Ólíklegt er að söfnin hafi burði til þess að leggja meiri fjármuni í það eins og er. Ef utanaðkomandi fjármagn finnst hafa þau flest hver áhuga, enda hafa þau hag af því að koma sér betur á framfæri og líta ekki á önnur söfn sem sérstaka ógnun við sitt starf. Sameiningar safna verða að vera á þeim forsendum að það gagnist báðum aðilum, ekki að eitt safn yfirtaki annað einfaldlega af því að það sé ekki rekstrarhæft. Það var ekki mikill áhugi hjá söfnunum sjálfum að sameinast öðrum og á meðan svo er er ólíklegt að það gerist á næstu misserum. Mismunandi eignarhald og áherslur valda því að sameiningarferlið er flókið og háð vilja eiganda safnanna. Þó er ekkert því til fyrirstöðu að Minjasafnið á Akureyri og Iðnaðarsafnið sameinist, sé vilji til þess, en það er ekki víst að það skili sér í ódýrari rekstri. Akureyrarbær er stór bakhjarl beggja safna en Iðnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun.

Talsvert er fjallað um ábyrgðarsöfn hér að framan. Talsmenn Minjasafnsins á Akureyri og Síldaminjasafnsins á Siglufirði voru jákvæðir fyrir því að taka að sér slík hlutverk á réttum forsendum. Þau eru bæði faglega sterk söfn og aukið hlutverk gæti bæði hjálpað þeim og öðrum söfnum að styrkjast. Ekki er útilokað að önnur söfn séu jafnframt vel til þess fallin en þessi tvö standa þó sennilega upp úr.

Heilt yfir eru of mörg söfn fámenn og reiða sig að miklu leyti á sjálfbóaliða og fáa einstaklinga sem hafa þó gert vel. Reksturinn verður þó alltaf erfiður með þessu móti og ýmis mikilvæg hlutverk safna sitja á hakanum þegar svo er. Það er óvíst hvað safn í slíkum erfiðleikum getur komið með að borðinu þegar rætt er um sameiningar eða hversu aðlaðandi slíkt safn er fyrir önnur og sem ekki eru með starfsemi á sama sviði. Það eru þó ákveðin þemu á svæðinu, svo sem samgöngur, en lítið samstarf er á milli safnanna sem starfa á því sviði með einum eða öðrum hætti.

HEIMILDASKRÁ

Akureyrarbær. (2019). *Ársskýrsla Akureyrarbær 2018*. Sótt

af https://www.akureyri.is/static/research/files/ak_baer_arsskyrsla_2019_newpdf

Akureyrarbær. (2013-2018). *Menningarstefna Akureyrarbæjar*. Sótt af

<https://www.akureyri.is/static/research/files/menningarstefna-akureyrarbaejar-2014pdf>

Dalvíkurbyggð. (e.d.). *Söfn*. Sótt af <https://www.dalvikurbyggd.is/is/mannlif/menning-og-sofn>

Eyþing. (2016). *Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019*. Sótt

af <https://www.eything.is/static/files/gh/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-nl-eystra-2016-utg-2-vidaukar-lokaloka.pdf>

Flugminjanefnd. (2006). *Skýrsla nefndar um flugsögu og flugminjar á Íslandi*. Sótt

af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/flugsaga-skyrsla.pdf>

Flugsafn Íslands. (2013). *Örninn hollvinafélag*. Sótt af <https://www.flugsafn.is/is/vinafelagid-orninn>

Hvalasafnið á Húsavík. (2019). *Ársreikningur 2019*. Sótt af https://www.hvalasafn.is/wp-content/uploads/2019/06/Hvalasafni%3fb0-%3a1-H%3basav%3adk-SES-kt.-460105-3740-%3a1rsreikningur-2018_final.pdf

Hvalasafnið á Húsavík. (e.d.-a). *Um safnið*. Sótt af <https://www.hvalasafn.is/um-safnid/>

Hvalasafnið á Húsavík. (e.d.-b). *Samningar*. Sótt af <https://www.hvalasafn.is/um-safnid/stjorn/samningar/>

Hvoll Byggðasafn Dalvíkur. (e.d.). *Byggðasafnið Hvoll*. Sótt

af <https://www.dalvikurbyggd.is/hvoll/um-byggdasafnid/um-byggdasafnid>

Iðnaðarsafnið á Akureyri. (2019-a). *Ársreikningur 2018*. Sótt

af https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=whe0dCLk_UyzGB1tiMP6Q1&meetingid=1906002F%20%20%20%20%20%20%20&filename=%C3%81rsreikningur%20-%20I%3%B0na%C3%B0arsafnsins%20%C3%A1ri%C3%B0%202018.pdf&cc=Document

Iðnaðarsafnið á Akureyri. (2019-b). *Ársskýrsla Iðnaðarsafnsins á Akureyri fyrir árið 2018*. Sótt af <https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=Clcmf9VBaUCHDpoLjwZmcAC&meetingid=1906002F%20%20%20%20%20%20%20&filename=%C3%81rssk%C3%BDrsla%202018%202.pdf&cc=Document>

Iðnaðarsafnið á Akureyri. (e.d.). *Um okkur*. Sótt af <http://www.idnadarsafnid.is/is/um-okkur>

Listasafnið á Akureyri. (2014). *Samþykkt fyrir Listasafnið*. Sótt af <http://www.listak.is/is/gagnlegt/samthykkt-fyrir-listasafnid-a-akureyri>

Listasafnið á Akureyri. (e.d.). *Vinir Listasafnsins*. Sótt af <http://www.listak.is/is/listasafnid/vinir-listasafnsins>

Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007.

Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Menningarmiðstöð Þingeyinga. (2010). *Menningarmiðstöð Þingeyinga*. Sótt af http://www.husmus.is/index.php?option=com_content&view=article&id=59&Itemid=9&lang=is

Menningarmiðstöð Þingeyinga. (2012). *Byggðasafn Þingeyinga*. Sótt af http://www.husmus.is/index.php?option=com_content&view=article&id=251%3Abyggðasafn-tingeyinga&catid=7%3Ammt&Itemid=268&lang=is

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Síldarminjasafn Íslands ses. um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum* Sótt af <http://www.sild.is/um/skipulag/samningur-vid-mennta--og-meningarmalaraduneyti/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Hvalasafnið á Húsavík ses. um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum* Sótt af http://stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/samningar-2016/Hvalasafnid-2016-05-23_16-56-13_GIS.pdf

Minjasafnið á Akureyri. (e.d.). *Stoðvinir*. Sótt af <https://www.minjasafnid.is/is/minjasafnid/stodvinir>

Myndlistarlög nr. 64/2012.

- Örlygur Kristfinnsson. (2013). *Saga Síldarminjasafnsins*. Sótt af <http://www.sild.is/um/um-safnid/saga-safnsins/>
- Ríkisskattstjóri. (1995). *Safnasafnið*. Sótt af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/leit/kennitala/5608952089>
- Safnalög nr. 141/2011.
- Safnaráð. (2017). *Listi yfir viðurkennd söfn*. Sótt af <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/listi-yfir-vidurkennd-sofn/>
- Safnaráð. (2019). *Úthlutun 2019*. Sótt af <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutanir-safnasjods/uthlutun-2019/>
- Safnaráð. (e.d.). *Viðurkennd söfn*. Sótt af <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/>
- Safnasafnið. (2018). *Safnasafnið ársskýrsla 2017*. Sótt af <http://vu2022.carl.1984.is/wp-content/uploads/2018/05/Arsskyrsla2017.pdf>
- Safnasafnið. (e.d.). *Söfnin*. Sótt af <http://www.safnasafnid.is/safneign/>
- Síldarminjasafn Íslands. (2019-a). *Ársreikningur Síldarminjasafns Íslands ses. 2018*. Sótt af http://www.sild.is/media/ymislegt/Sildarminjasafn-islands-ses.-2018_undirritadur.pdf
- Síldarminjasafn Íslands. (2019-b). *Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2018*. Sótt af <http://www.sild.is/media/ymislegt/Arsskyrsla-2018-.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *C.14. samstarf safna – ábyrgðarsöfn*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=60f05218-ed05-4d49-878a-18eeb7c9225a&itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>
- Stjórnartíðindi. (2015-a). *Auglýsing um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafnsins Hvals, Dalvík*. Sótt af <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=22c50017-f2dd-4219-8459-5ed871d8c5c2>
- Stjórnartíðindi. (2015-b). *Auglýsing um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Síldarminjasafns Íslands ses.* Sótt af <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=f1a9eb28-bf6f-4101-b001-25f175c1cb03>

Stjórnartíðindi. (2018). *Auglýsing um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá lðnaðarsafnsins á Akureyri*. Sótt af <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e8f2e243-bd26-43b8-8f24-e34f177130b7>

Þingskjal nr. 1152 (2010-2011). Frumvarp til safnalaga. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/139/s/1152.html>

VIÐAUKI 1:

Viðmælendaskrá:

Aníta Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands.

Björk Eldjárn Kristjánsdóttir, forstöðumaður Byggðasafnsins Hvals á Dalvík.

Eva Björk Káradóttir, framkvæmdarstjóri Hvalasafnsins á Húsavík.

Jóhann Jónsson, einn af stofnendum Mótorhjólasafns Íslands

Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, safnstjóri Iðnaðarsafnsins á Akureyri.

Haraldur Ásgeir Vilhjálmsson, stjórnarmaður í Mótorhjólasafni Íslands

Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri.

Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður

Sigríður Rósa Sigurðardóttir, safnstjóri Smámunasafns Sverris Hermannssonar.

Sverrir Ingólfsson, forsvarsmaður Samgöngusafnsins Ystafelli

Snorri Guðjón Sigurðsson, staðgengill forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Stefanía Stefánsdóttir, safnstjóri Fuglasafns Sigurgeirs.

Steinunn María Sveinsdóttir, safnstjóri Flugasafns Íslands.

Þorsteinn Ásgeirsson, forsvarsmaður Náttúrugripasafnsins á Ólafsfirði

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs